

FUNDARGERÐ BÆJARSTJÓRNAR

825. fundur

Ár 2026, þriðjudaginn 12. maí kl. 17:00, kom bæjarstjórn Bolungarvíkur saman til fundar í Einarshúsi í Bolungarvík.

Fundargerð var rituð af Kristni Gauta Einarssyni, fjármála- og skrifstofustjóra Bolungarvíkurkaupstaðar.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Ástrós Þóra Valdóttir, Olga Agata Tabaka, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Þorbergur Haraldsson og Anna Magdalena Preisner. Auk þess sátu Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri, og Kristinn Gauti Einarsson, fjármálastjóri, fundinn.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn, bauð bæjarfulltrúa og bæjarstjóra velkomna til fundarins.

Forseti leitar afbrigða um að setja inn nýjan lið undir 8. dagskrárlið, Kveðja.

Samþykkt einu hljóði, 7-0.

Því næst kynnti forseti dagskrá fundarins og var gengið til hennar.

DAGSKRÁ

1. *Fundargerðir bæjarráðs frá 21/4, 28/4 og 5/5.*
2. *Fundargerð velferðarráðs frá 15/4.*
3. *Fundargerð umhverfismálaráðs frá 7/5.*
4. *Fundargerð hafnar- og atvinnumálaráðs frá 7/5.*
5. *Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2030.*
6. *Endurskoðun Áfangastaðaáætlunar.*
7. *Ársreikningur 2025 – síðari umræða.*
8. **Kveðja**

AFGREIÐSLA

1. Fundagerðir bæjarráðs frá 21/4, 28/4 og 5/5.

1.1 Fundargerð bæjarráðs frá 21/4.

Til máls tóku: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Jón Páll Hreinsson, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir.

Fundargerðin var samþykkt einu hljóði, 7-0.

1.2 Fundargerð bæjarráðs frá 28/4.

Til máls tóku: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Jón Páll Hreinsson, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir.

Fundargerðin var samþykkt einu hljóði, 7-0.

1.3 Fundargerð bæjarráðs frá 5/5.

Til máls tóku: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir.

Fundargerðin var samþykkt einu hljóði, 7-0

Forseti leggur fram eftirfarandi bókun:

„Niðurstaða stjórnenda Kjörbúðarinnar veldur bæjarstjórn Bolungarvíkur vonbrigðum. Það er metnaðarleysi að bregðast ekki við aðstæðum í rekstri og gera viðeigandi úrbætur með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Það vekur upp spurningar um stefnu og framtíðarsýn fyrirtækisins um þjónustu þeirra við alla landsmenn og þá sérstaklega samfélög á landsbyggðinni. Hvaða búð verður lokað næst?

Lokun búðarinnar skilgreinir ekki samfélagið. Samfélagið í Bolungarvík er sterkara en það.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur felur bæjarstjóra að færa öll viðskipti sveitarfélagsins úr Kjörbúðinni í Verslun Bjarna Eiríkssonar samstundis og hvetur bæjarbúa að gera slíkt hið sama.“

Til máls tóku: Þorbergur Haraldsson.

Bókun samþykkt 4-0.

2. Fundagerðir velferðaráðs frá 15/4.

2.1 Fundargerð velferðaráðs frá 15/4.

Til máls tóku: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir.

Fundargerðin kynnt.

3. Fundargerð umhverfismálaráðs frá 7/5.

3.1 Fundargerð umhverfismálaráðs frá 7/5.

Til máls tóku: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir,
Fyrsti varaforseti, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir tekur við fundarstjórn

Til máls tóku: Magnús Ingi Jónsson,

Forseti, Magnús Ingi Jónsson tekur aftur við fundarstjórn.

Fundargerðin var samþykkt einu hljóði, 7-0.

4. Fundargerð hafna- og atvinnumálaráðs frá 7/5.

4.1 Fundargerð hafna- og atvinnumálaráðs frá 7/5.

Til máls tóku: Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Jón Páll Hreinsson.

Fundargerðin var samþykkt einu hljóði, 7-0.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2030.

Til máls tóku: Jón Páll Hreinsson, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir.

Svæðisskipulag Vestfjarða var samþykkt einu hljóði, 7-0.

6. Endurskoðun Áfangastaðaáætlunar.

Til máls tóku: Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir.

Endurskoðun Áfangastaðaáætlunar var samþykkt einu hljóði, 7-0.

7. Ársreikningur 2025 – síðari umræða.

Til máls tóku: Jón Páll Hreinsson, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir í einu hljóði ársreikning vegna 2025.

8. Kveðja

Forseti leggur fram eftirfarandi bókun:

„Langar mig fyrir hönd bæjarstjórnar að þakka Jóni Páli Hreinssyni kærlega fyrir samstarfið síðustu ár. Nú hefur Jón Páll ákveðið að sækja á ný mið, vonandi á sömu slóðum, því mikill missir væri það ef hann og hans fjölskylda flyttu annað. Jón Páll hefur verið bæjarstjóri í Bolungarvík í 10 ár og á þeim árum hefur uppbygging Bolungarvíkur verið með mesta móti. Þar á meðal íbúafjölgun með #1000+, mikil atvinnuuppbygging, nýtt hverfi í Bolungarvík og tekjurnar að aukast. Takk fyrir þitt framlag, Bolungarvík er þér mjög þakklát. Gangi þér sem allra best með allt þitt.“

Til máls tóku: Jón Páll Hreinsson, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir.

Bókun samþykkt einu hljóði.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 18:15.

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir

Magnús Ingi Jónsson

Olga Agata Tabaka

Ástrós Þóra Valsdóttir

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir

Anna Magdalena Preisner

Þorbergur Haraldsson